



Vestmannaeyjabær
v.t. Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum
Sent rafrænt á iris@vestmannaeyjar.is

Dagsetning 9.9.2026
Málsnúmer FJR25060019

Efni: Svar við erindi Vestmannaeyjabæjar um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna vatnslagnar.

Vísað er til erindis Vestmannaeyjabæjar, dags. 2. júní 2025 og tölvupóstssamskipta umboðsmanns bæjarins, þar sem óskað er eftir breytingu á 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, í erindinu er vísað til 2. mgr. greinarinnar, í því skyni að heimila endurgreiðslu virðisaukaskatts af lagningu aðalæða vatnsveitu sveitarfélaga. Jafnframt hefur komið fram fyrirspurn um það hvort fjármála- og efnahagsráðherra geti með stjórnvaldsbréfi til töllyfirvalda felld niður virðisaukaskatt vegna innflutnings lagnarinnar.

1. Tillaga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt

Dreifing sveitarfélags á köldu neysluvatni er ekki virðisaukaskattsskyld starfsemi og myndast því ekki innskattsréttur vegna aðfanga sem eingöngu varða þá starfsemi. Sú breyting sem lögð er til í erindinu, þannig að endurgreiðsluheimild 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt tæki einnig til virðisaukaskatts af lagningu aðalæða vatnsveitna, fæli að mati ráðuneytisins í sér verulega rýmkun á núverandi afmörkun ákvæðisins. Endurgreiðsluákvæði 3. mgr. 42. gr. laganna byggist einkum á því sjónarmiði að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra um það hvort tiltekin þjónusta sé keypt af skattskyldum aðilum eða innt af hendi af þeim sjálfum. Ákvæðið hefur þannig það að meginmarkmiði að tryggja hlutleysi virðisaukaskatts að þessu leyti. Samkvæmt orðalagi þess tekur það til afmarkaðra þjónustubátta, svo sem sorphreinsunar, ræstingar, snjómoksturs og björgunarstarfa auk tiltekinna sérfræðiþjónustu, en felur ekki í sér almenna heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna stofn- eða fjárfestingarkostnaðar við mannvirkjagerð.

Ráðuneytið hefur skilning á mikilvægi endurnýjunar vatnslagnarinnar fyrir afhendingaröryggi neysluvatns, almannavarnir og hagsmuni íbúa Vestmannaeyjabæjar. Ráðuneytið telur þau sjónarmið þó ekki gefa tilefni til þess að leggja til þá almennu rýmkun á endurgreiðsluheimild 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt sem óskað er eftir í erindinu. Um er að ræða sérstaka endurgreiðsluheimild sem hefur verið skýrð þröngt í dóma- og úrskurðaframkvæmd. Björgunarstörf og öryggisgæsla vegna náttúruhamfara og almannavarna í skilningi 4. tölul. 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt hafa þannig verið talin taka til björgunarstarfa meðan á náttúruhamförum stendur eða í órofa tengslum við þær, en ekki síðari viðgerða eða endurbóta á mannvirkjum, þótt þau hafi verulegt öryggis- eða almannavarnagildi. Má í því sambandi vísa til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 130/2025 vegna Vestmannaeyjabæjar, þar sem kröfu bæjarins um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðgerðar á neysluvatnslögn var hafnað. Í málinu hafði

ríkislögreglustjóri lýst yfir hættustigi almannavarna vegna skemmda á lögninni og byggði bærinn m.a. á því að viðgerðin hefði verið nauðsynleg björgunaraðgerð í þágu almannavarna. Yfirséðanefnd taldi hins vegar að framkvæmdirnar féllu ekki undir björgunarstörf eða öryggisgæslu í skilningi ákvæðisins og tók jafnframt fram að ekki skipti máli í þeim efnum hvort um bráðabirgðaviðgerðir eða varanlegar framkvæmdir væri að ræða.

Jafnframt ber að líta til þess hvernig eignarhaldi og rekstri vatnsveitunnar í Vestmannaeyjabæ er háttað. Vestmannaeyjabær rekur ekki vatnsveituna sjálfur heldur hefur, á grundvelli 4. gr. laga nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, falið HS Veitum hf., réttindi og skyldur vegna reksturs hennar. HS Veitur hf. eiga og reka vatnsveituna og dreifikerfi hennar í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjabær er hins vegar eigandi þeirrar neðansjávarlagnar sem hér um ræðir og er því um sérstakt eignar- og rekstrarfyrirkomulag að ræða þar sem innviður í eigu sveitarfélagsins þjónar vatnsveitu sem er í eigu og rekstri sjálfstæðs lögaðila.

Að mati ráðuneytisins hefur þetta fyrirkomulag jafnframt þýðingu við mat á þeirri breytingu sem óskað er eftir. Endurgreiðsluheimild 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt tekur til ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra vegna sérstaklega tilgreindra aðfanga. Rýmkun ákvæðisins þannig að það tæki almennt til stofnkostnaðar við vatnsveitunnarvið gæti því m.a. leitt til þess að ríkissjóður tæki þátt í kostnaði sveitarfélags vegna innviða sem nýttir eru í starfsemi sjálfstæðs veitufyrirtækis. Slík breyting hefði áhrif umfram það einstaka tilvik sem hér um ræðir og kallaði á almennt mat á afmörkun endurgreiðslunnar og jafnræði milli vatnsveitna með ólíkt eignar- og rekstrarform.

Með vísan til framangreinds telur ráðuneytið ekki tilefni til að leggja til breytingu á 3. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt í þá veru sem óskað er eftir í erindi Vestmannaeyjabæjar.

2. Skortur á lagaheimild til niðurfellingar virðisaukaskatts við innflutning

Að því er varðar fyrirspurn um hvort fjármála- og efnahagsráðherra geti með stjórnvaldsbréfi eða tilmælum til tollýfirvalda fellt niður virðisaukaskatt vegna innflutnings lagnarinnar skal tekið fram að ekki er fyrir hendi lagaheimild til slíkrar niðurfellingar með stjórnvaldsákvörðun.

Í 40. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er mælt fyrir um þá grundvallarreglu að skattamálum skuli skipað með lögum. Engan skatt má leggja á, breyta eða afnema nema með lögum og ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Virðisaukaskattur sem innheimtur er við innflutning fellur undir þessar reglur. Ráðherra getur því ekki, án viðhlítandi lagaheimildar, ákveðið að fella niður slíkan skatt í einstöku tilviki.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal við innflutning á vöru innheimta virðisaukaskatt af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum þeim tolli og öðrum gjöldum sem lögð eru á við tollmeðferð. Undanþágur frá virðisaukaskatti við innflutning eru sérstaklega afmarkaðar í 36. gr. laganna. Ekki er þar að finna heimild til að undanþiggja innflutning umræddrar vatnslagnar virðisaukaskatti á grundvelli þess að hún sé ætluð til vatnsveituf framkvæmda sveitarfélags eða hafi sérstakt öryggis- eða almannavarnagildi.

Með vísan til framangreinds hefur ráðherra ekki heimild samkvæmt gildandi lögum til að fella niður virðisaukaskatt vegna innflutnings umræddrar lagnar með stjórnvaldsbréfi eða tilmælum til töllyfirvalda. Slík undanþága, ef hún ætti að vera fyrir hendi, þyrfti að eiga sér skýra stoð í lögum.

Fyrir hönd ráðherra,

Helga Jónsdóttir

Ingibjörg Helga Helgadóttir

Afrit:

- Dómsmálaráðuneytið
Sent rafrænt á dmr@dmr.is
- Innviðaráðuneytið
Sent rafrænt á irn@irn.is